




Bæjarstjórnarfundur

Nr. 1363

Síðari umræða um fjárhagsáætlun 2023

Sævar Freyr Þráinsson
13. desember 2022




Meginatriði í fjárhagsáætlun 2023

- **Sókn er í samfélaginu Akranesi og er áfram gert ráð fyrir rekstarhagnaði á árinu 2022 sem og á árinu 2023. Tækifæri eru til uppbyggingar og þróunar í sveitarfélaginu en ástæða er til að vera varfærin vegna stöðu heimsmála, þungs fjármagnsmarkaðar og óvissu í kjarasamningum**
- **Sóknarfæri Akraneskaupstaðar og áskoranir á árinu 2023 eru:**
 - Unnið verður að stefnu fyrir Akranes og grunnur lagður að því að ná öflugri stjórn á kostnaðarhækkunum undanfarinna ára.
 - Mikið uppbyggingarskeið íbúða framundan, 446 fyrirhugaðar íbúðir eru á lóðum sem hefur verið úthlutað en 67% þeirra eru í byggingu eða hafa fengið útgefið byggingarleyfi.
 - Fyrirhugað er söluferli lóða í Skógarhverfi, á Sementsreit og á Dalbrautarreit. Veruleg gatnagerð er í áætlun til að styðja við þessi áform ásamt gatnagerð í Flóahverfi fyrir atvinnulóðir. Á árinu 2022 var "Það er stutt" auglýsingaherferð til markaðsetningar á bænum til búsetu og nú fyrirhugað að efla enn frekar sókn til að kynna atvinnulóðir í Grænum iðngörðum í Flóahverfi.
 - Mikill áhugi er meðal fjárfesta á uppbyggingu á Smiðjuvöllum sem unnið verður með á næstu mánuðum.
 - Stór opin hugmyndasamkeppni á Breið heppnaðist vel og verður nú unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið.
 - Akranes styður áfram við sókn Þróunarfélagsins á Grundartanga og Þróunarfélags Breiðarinnar. Í samvinnu við Merkjaklöpp er unnið að þróun söluáherslna fyrir Græna iðngarða í Flóahverfi og er mikill áhugi á uppbyggingu.
 - Verulegt fjármagn er áætlað í viðhald bygginga t.d. í Grundaskóla og Brekkubæjarskóla.
 - Byggja upp mikilvæga innviði s.s. íþróttahús á Jaðarsbökkum, nýr leikskóli í Skógarhverfi að hefja starfsemi, stækkun Grundaskóla, nýr búsetukjarni á Þjóðbraut 3 að hefja starfsemi og ný Samfélagsmiðstöð, nýtt áhaldahúss, dósamóttaka, Búkolla.
 - Unnið er með sjálfvirknivæðingu í stafrænni þjónustu í samvinnu allra sveitarfélaga og stafrænu ráði sveitarfélaga.
 - Fjölga mun búsetuúrræðum fatlaðra í samstarfi við Hússjóð Brynju og Bjarg, öruggt húsnæði fyrir aldraða í samvinnu við Leigufélag aldraðra. Hefur þessi húsnæðisuppbygging stutt við atvinnu verktaka á Akranesi. Áframhaldandi vinna við móttöku flóttafólks.
 - Áframhaldandi innleiðing samþættingar í þágu farsældar barna (snemmtæk íhlutun) og barnvæns samfélags. Auka samvinnu og samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur í samvinnu velferðar-, skóla- og frístundar og annarra sem koma að hagsmunum barna.
 - Kynning og innleiðing menntastefnu, mótun íþróttastefnu, stefnumörkun í öldrunarmálum, umhverfisstefnu og jafnréttisstefnu ásamt aðgerðaráætlunum sem styðja við innleiðingu stefnanna.



HELSTU TÖLUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR



Helstu forsendur í áætlun ársins

- **Álagt útsvar verður óbreytt eða 14,52% vegna launa ársins 2023.**
- **Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi**
 - Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis verður 0,2306%
 - Álagningarprósenta atvinnuhúsnæðis verður 1,3718%
 - Álagningarprósenta opinberra stofnana verður 1,320%
- **Sorpgjöld fyrir hverja íbúð m.v. tvær sorptunnur:**
 - Sorphreinsunargjald verður kr. 19.256
 - Sorpeyðingargjald verður kr. 16.422
- **Lóðaleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum**
 - Verður 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða
 - Verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða
- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2023 eru fimmtánda hvers mánaðar frá janúar til október. Áfram er veitt ívilnun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþegar í samræmi við reglur bæjarstjórnar Akraness.
- **Almennar þjónustugjaldskrár hækka um 7% þann 1. janúar 2023 fyrir utan leikskólagjöld, fæði í leikskólum og heimaþjónusta en þar er gjaldskrá óbreytt milli ára.**



Fasteignagjöld staða 2022

Árið 2022 Sveitarfélag	Fasteignamat 2022	Hækkun fasteigna- mats frá 2022	Fasteigna- skattur	Röð	Lóðarleiga	Röð	Fráveitugjald/ holræsagjald	Röð	Vatnsgjald	Röð	Sorpeyðingar- og urðunargjöld	Röð	Fasteigna- gjöld 2022	Röðun 2022	Hækkun fasteigna- mats frá 2022
Akranes	56.159.000	19,9%	141.184	7	24.500	2	88.509	15	38.814	4	35.678	1	328.684	1	19,9%
Kópavogur	80.724.750	22,0%	161.450	15	17.315	1	60.544	7	51.664	11	47.400	5	338.372	2	22,0%
Grindavík	45.968.000	15,9%	137.904	6	67.878	11	59.758	6	25.282	2	49.026	12	339.848	3	15,9%
Sveitarfélagið Ölfus	41.601.000	23,9%	128.963	4	39.228	7	79.042	10	49.921	10	44.795	3	341.949	4	23,9%
Hvalfjarðarsveit	41.962.000	13,8%	159.456	14	70.660	13	13.675	1	53.259	12	44.995	4	342.045	5	13,8%
Mosfellsbær	70.633.000	23,6%	143.385	8	36.839	5	67.101	8	49.443	9	49.000	8	345.769	6	23,6%
Álftanes	73.291.000	24,1%	131.191	5	48.344	9	73.291	9	69.626	16	49.000	8	371.452	7	24,1%
Hveragerði	51.350.000	32,3%	213.103	19	34.241	4	79.593	11	10.270	1	42.000	2	379.206	8	32,3%
Reykjavík	81.438.933	18,7%	146.590	9	34.162	3	88.509	15	38.814	4	72.850	18	380.925	9	18,7%
Sandgerði	42.439.000	12,0%	125.195	2	92.355	17	50.927	3	67.902	15	49.026	12	385.405	10	12,0%
Vogar	47.115.000	18,6%	202.595	18	37.230	6	51.827	4	47.115	8	49.026	12	387.792	11	18,6%
Vestmannaeyjar	42.523.000	10,3%	119.490	1	59.490	10	85.046	14	61.871	14	63.382	16	389.279	12	10,3%
Hafnarfjörður	73.139.500	22,0%	179.923	17	41.105	8	84.842	13	38.033	3	49.026	12	392.928	13	22,0%
Njarðvík	49.193.000	21,1%	147.579	10	115.650	18	49.193	2	39.270	6	48.782	6	400.474	14	21,1%
Garðabær	82.868.000	24,1%	148.334	11	69.580	12	82.868	12	78.725	17	49.000	8	428.506	16	24,1%
Keflavík	52.762.000	21,1%	158.286	13	127.125	19	52.762	5	39.270	6	48.782	6	426.225	15	21,1%
Selfoss	49.938.000	32,1%	127.042	3	77.620	14	125.344	18	85.893	19	65.000	17	480.900	17	32,1%
Borganes	43.498.000	17,6%	152.243	12	87.900	16	117.257	17	61.834	13	73.320	19	492.554	18	17,6%
Seltjarnarnes	92.681.000	15,3%	162.192	16	86.118	15	139.022	19	83.413	18	49.000	8	519.744	19	15,3%





Áætluð fasteignagjöld 2023

Árið 2023 Sveitarfélag	Fasteignamat 2022	Fasteigna- skattur	Röð	Lóðarleiga	Röð	Fráveitugjald/ holræsagjald	Röð	Vatnsgjald	Röð	Sorpeyðingar og urðunargjöld	Röð	Áætluð fasteigna- gjöld 2023	Röðun 2023	Áætluð hækkun á fasteigna- gjöldum 2023
Akranes	67.334.641	155.274	6	27.268	2	95.767	14	41.997	4	35.678	1	355.983	2	8,3%
Kópavogur	98.484.195	167.423	9	17.315	1	64.015	6	59.091	11	47.400	3	355.243	1	5,0%
Grindavík	53.276.912	159.831	8	44.092	8	79.915	10	23.975	2	52.948	6	360.761	3	6,2%
Sveitarfélagið Ölfus*	51.543.639	121.128	1	43.818	7	108.242	17	61.852	12	48.960	5	383.999	5	12,3%
Hvalfjarðarsveit*	47.752.756	171.910	13	76.101	12	14.796	1	57.626	10	48.685	4	369.118	4	7,9%
Mosfellsbær	87.302.388	170.240	11	40.043	4	78.572	9	56.747	9	56.900	14	402.501	6	16,4%
Álftanes	90.954.131	150.984	5	56.998	10	77.311	8	72.763	15	53.000	11	411.056	7	10,7%
Hveragerði	67.936.050	224.189	18	41.705	6	98.507	16	13.587	1	46.200	2	424.189	10	11,9%
Reykjavík	96.668.014	174.002	14	38.774	3	95.767	14	41.997	4	79.350	19	429.890	11	12,9%
Sandgerði	47.531.680	133.089	3	103.345	17	57.038	2	76.051	16	52.948	6	422.471	9	9,6%
Vogar*	55.878.390	240.277	19	41.139	5	61.466	4	55.878	8	52.948	6	451.709	14	16,5%
Vestmannaeyjar*	46.902.869	125.700	2	63.000	11	93.806	13	68.244	14	66.234	16	416.983	8	7,1%
Hafnarfjörður	89.230.190	219.506	17	46.161	9	82.984	11	31.231	3	64.531	15	444.413	13	13,1%
Njarðvík	59.572.723	148.932	4	129.297	18	59.573	3	42.490	6	52.948	6	433.239	12	8,2%
Garðabær	102.839.188	170.713	12	82.035	13	87.413	12	82.271	17	53.000	11	475.433	16	11,0%
Keflavík	63.894.782	159.737	7	142.126	19	63.895	5	42.490	6	52.948	6	461.196	15	8,2%
Selfoss*	65.968.098	167.823	10	95.085	15	65.968	7	98.952	19	70.990	17	498.818	17	3,7%
Borganes*	51.153.648	179.038	16	93.262	14	126.872	18	66.904	13	79.332	18	545.408	18	10,7%
Seltjarnarnes*	106.861.193	177.390	15	97.658	16	152.277	19	91.366	18	53.778	13	572.468	19	10,1%


* Síðari umræðu ekki lokið eða eitthvað óljóst varðandi útfærslu á einstökum liðum fasteignagjalds





Sviðsmyndagreining

	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2	Sviðsmynd 3	Sviðsmynd 4	Sviðsmynd 5.	Sviðsmynd 6
<i>Fjárhæðir í þús.kr. * meðaltal áráanna 2023-2026</i>	Háspá: Gatnagerðartekjur ganga eftir og mikil eftirspurn eftir lóðum	Miðspá: Gatnagerðartekjur ganga eftir að hluta og meðal eftirspurn eftir lóðum	Lágspá: Húsnæðismarkaður kólnar og lítil eftirspurn er eftir lóðum en fjárfestingum haldið áfram.	Lágspá (2. útgáfa): Húsnæðismarkaður kólnar og lítil eftirspurn eftir lóðum, fjárfestingum haldið í lágmarki eftir 2023.	Miðspá (2. útgáfa): Gatnagerðartekjur ganga eftir að hluta og meðal eftirspurn eftir lóðum. 2. útgáfa af fjárfestingu.	Miðspá (3. útgáfa): Gatnagerðartekjur ganga eftir að hluta og meðal eftirspurn eftir lóðum. 3. útgáfa af fjárfestingu.
Rekstarniðurstaða án fjármagnsliða*	156.603	73.361	212.928	242.602	81.705	408.589
Fjármagnsliðir*	33.428	- 51.601	- 96.835	276.030	- 11.808	- 38.343
Tekjur af byggingarrétti - þéttingartekjur*	1.000.000	261.600	15.000	15.000	261.600	261.600
Rekstarniðurstaða*	1.190.031	283.361	124.343	291.030	331.496	298.256
Veltufé frá rekstri*	2.059.490	1.175.379	1.042.921	1.118.174	1.199.034	1.183.260
Handbært fé frá rekstri*	1.800.346	916.235	783.777	859.030	939.890	924.116
Fjárfesting samtals til 2026	7.197.774	7.196.612	7.742.489	4.358.909	5.614.859	6.672.569
Langtímalán samtals til 2026	3.000.000	5.500.000	6.500.000	3.000.000	4.000.000	5.000.000
Handbært fé í lok árs 2026	1.712.905	439.845	224.182	786.505	713.258	527.958





Sókn í samfélaginu







Samstæðureikningur 2012-2026

Útkomuspá 2022 og áætlun 2023-2026 í milljónum króna


Rekstrarreikningur 2012-2026







Samstæða

Fjármálabró raun 2021 til útkomuspár 2022

Rekstarniðurstaða samstæðu Akraneskaupstaðar frá rauntölum 2021 til útkomuspár 2022




Launagreiðslur aukast áfram á Akranesi



Fjölgar á vinnumarkaði, þróun jákvæð á Akranesi



Fjöldi á vinnumarkaði vex áfram

Þróun á fjölda einstaklinga á Akranesi sem fá laun 2008-2022



Grundvöllur fyrir áframhaldi á góðum tímum

Þróun staðgreiðsluskuldna greiðslna á Akranesi 2008-2022 og ARIMA spá til 2024






Samstæðureikningur

Samanburður á áætlun og spá 2021



Áætlun með viðaukum 2022 vs útkomuspá.

- Rekstrartekjum er spáð að verði kr. 10.317 m.kr. árið 2021 eða um 739 mkr hærri en áætlun þar af:
 - Útsvar í takt við áætlun
 - Fasteignaskattar 81 mkr (yfir áætlun)
 - Lóðaleiga á áætlun
 - Jöfnunarsjóður 77 mkr (yfir áætlun)
 - Aðrar tekjur 181 mkr (yfir áætlun)
- Rekstrargjöld á sama tímabili, að meðtöldum afskriftum, er spáð að verði kr. 10.370 m.kr. eða 657 mkr hærri en áætlun þar af:
 - Launa og tengd gjöld 2 mkr (yfir áætlun)
 - Lífeyrisskuldbinding 100 mkr (yfir áætlun)
 - Annar rekstrarkostnaður 155 mkr (yfir áætlun)
 - Afskriftir -1 mkr
- Fjármagnsliðir er spáð að verði jákvæðir um 226 mkr eða 1 mkr hærri en áætlun
- Rekstrarhagnaður, fyrir óreglulega liði er spáð að verði 173 mkr eða 81 mkr betri niðurstaða en áætlun með viðaukum gerir ráð fyrir
 - Búið er við óreglulegum liðum í útkomuspá fyrir árið að fjárhæð 200 mkr vegna tekna af gatnagerð sem er 134 mkr umfram áætlun
 - Spáð er rekstrarhagnaði að fjárhæð 373 mkr eða 216 mkr. betri niðurstöðu en í áætlun með viðaukum.



Samstæða



Fjármálabrú áætlun 2022 til útkomuspár 2022



Samstæða (fyrri umræða 8. nóv. 2022)

Fjármálabrú útkomuspá 2022 – áætlun 2023

Rekstarniðurstaða samstæðu frá útkomuspá 2022 til áætlunar 2023






Samstæða (síðari umræða 13. des 2022)


Fjármálabróú útkomuspá 2022 – áætlun 2023

Rekstarniðurstaða samstæðu frá útkomuspá 2022 til áætlunar 2023







ÍBÚAÞRÓUN OG HELSTU FORSENDIR





Samstæðureikningur: Þróun rekstrartekna

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 9.917 m.kr. í útkomuspá 2022 og hækki um 5,2% frá árinu 2021.
- Rekstrartekjur á árinu 2023 eru áætlaðar 10.748 m.kr. og hækka því um 8,4 % frá árinu 2022.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 6 % á tímabilinu 2022 til 2026 og endi í 12.533 m.kr. á árinu 2026.







Samstæðureikningur: Rekstrargjöld

Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útkomuspá 2022 nema 9.970 m.kr. og hækka því um 692 m.kr. frá árinu 2021 eða um 7,5%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2023 munu nema 10.915 m.kr. en það er hækkun frá útkomuspá 2022 sem nemur um 945 m.kr. eða um 9,5%.
- Launagjöld eru áætluð að hækki um 526 m.kr. En annar rekstrarkostnaður hækkar um 385 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir því að lífeyrisskuldbinding lækki um 50 m.kr.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2023 nemur 402 m.kr. en það er 12% lækkun frá útkomuspá 2022 (50 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2023 til 2026 er á bilinu 3,9% til 9,5% en að meðaltali 5,6% á tímabilinu.

Þróun rekstrarkostnaðar







Samstæðureikningur: Rekstrarafkoma

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2022, skv. útkomuspá, er jákvæð sem nemur 373 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2023 er áætluð jákvæð um 142 m.kr. eða 1,32% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því lækka um 231 m.kr. milli árana 2022 og 2023.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni hækka á árinu 2024, lækka aftur í áætlun 2025 og hækka aftur árið 2026.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2023-2026) er jákvæð sem nemur 891 m.kr.

Þróun rekstrarafkomu







Samstæðureikningur: Sjóðstreymi

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2023 er áætlað 717 m.kr. og lækkar því um 184 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2023 eru áætlaðar 2.365 m.kr. og svipaðar fjárhæðir og í útkomuspá 2022.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins 2023 eru áætlaðar 1.565 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -224 m.kr., en brúarlán að fjárhæð 1.500 m.kr. eru áætluð að verði nýtt á árinu.
- Áætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2022 eða úr 1.353 m.kr. og verði 1.176 m.kr. í árslok 2026.

Þróun sjóðstreymis







Samstæðureikningur: Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar frá 2016 hefur tekið hækkað talsvert, frá því að vera jákvæður árið 2016 um 615 m.kr. yfir í það að vera jákvæður um 1.085 m.kr. árið 2022 skv. útkomuspá.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2016, þ.e.a.s. það hefur farið úr 62% niður í 20% og mun nema 60% í árslok 2026.

2016-2026







Samstæðureikningur: Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 0,87 skv. útkomuspá ársins 2022. Það er undir meðaltali veltufjárhlutfalli áráanna 2016 til 2021 sem nemur 2,035.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.


Próun veltufjárhlutfalls







Samstæðureikningur

Framlegðarhlutfall



Veltufé frá rekstri







A - hluti

Þróun launakostnaðar

- Launagjöld hafa hækkað um 72,5% frá árunum 2016 til útkomuspár ársins 2022, en þau hækka úr 3.199 m.kr. í 5.519 m.kr.
- Lífeyrisskuldbinding lækkar um 27,5% á sama tíma, en hún lækkar úr 624 m.kr. í 452 m.kr.
- Hlutfall launa og lífeyrisskuldbindinga sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar á árinu 2017 niður í 62,2% en hækkar talsvert milli 2019 og ársins 2020. Skýringin á því eru nýir kjarasamningar sem koma inn á árinu 2020.
- Meðaltal hlutfalls launagjalda af rekstrartekjum á árunum 2016-2021 er 65,4% og á spátímabilinu er þetta hlutfall á árunum 2022-2026 örlítið hærra en meðaltal áranna á undan eða 66,5%.
- Á spátímabilinu 2023-2026 er gert ráð fyrir því að launagjöld hækki um 13,17% og launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum endi í 64,8% á árinu 2026.

Þróun launakostnaðar 2016-2026







Aðalsjóður

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er neikvæður um samtals 899 m.kr. á spátímabilinu 2023-2026.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 3.448 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 2.549 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2023 nemur 481 m.kr. og nemur 4,9% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2023-2026







B hluti

Rekstrarafkoma B hluta

- Rekstrarafkoma B hluta, fyrir fjármagnsliði, er jákvæður um samtals 88 m.kr. á spátímabilinu 2023-2026.
- Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 109 m.kr.
- Rekstrarafkoma B hluta er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 20,5 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma B hluta, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2023 er neikvæður sem nemur 110 m.kr. og nemur -7,35% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.



Rekstrarafkoma B hluta 2020-2026





Höfði

Rekstrarafkoma Höfða





Fjárhæðir í þús.króna

A og B hluti Akraneskaupstaðar ásamt samrekstrarfyrirtækjum


Rekstarreikningur 2023

	Samstæða	A hluti	Samantekið A og B hluti	B-hlutdeildar-fyrirtæki	10,8% Faxaflóahafnir Akranes	5,528% OR Akranes	5,528% OR V&F Akranes
Rekstartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	6.480.670	6.494.186	6.480.670				
Framlög Jöfnunarsjóður	1.891.363	1.891.363	1.891.363				
Aðrar tekjur	4.085.394	1.047.302	2.376.415	1.708.979	576.329	548.884	583.766
Rekstrartekjur samtals	12.457.427	9.432.851	10.748.448	1.708.979	576.329	548.884	583.766
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	7.383.853	5.953.009	7.111.503	272.350	60.358	211.992	
Lífeyrisskuldbinding, breyting	402.087	402.087	402.087				
Annar rekstrarkostnaður	3.910.627	2.847.007	3.059.311	851.316	327.813	338.958	184.545
Rekstrargjöld samtals	11.696.566	9.202.103	10.572.900	1.123.666	388.171	550.950	184.545
Rekstrarniðurstaða f. afskriftir	760.861	230.748	175.548	585.313	188.158	-2.065	399.221
Afskriftir	-625.432	-312.685	-342.472	-282.959	-94.319	-57.051	-131.589
Rekstarniðurstaða án fjármagnsliða	135.429	-81.937	-166.925	302.354	93.839	-59.117	267.631
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	77.983	72.631	47.471	30.512	4.204	121.841	-95.534
Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða	213.412	-9.306	-119.454	332.865	98.043	62.725	172.098
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld)	2.403.495	261.600	261.600	2.141.895		2.141.895	
Rekstrarniðurstaða tímabilsins	2.616.906	252.294	142.146	2.474.760	98.043	2.204.619	172.098






ÁHERSLUR EINSTAKRA MÁLAFLOKKA ÁRIÐ 2023





Atvinnu- og ferðamál: Breið Þróunarfélag

- Breið Þróunarfélag (Breiðin) er samstarfsverkefni Akraneskaupstaðar og Brim um atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á svæðinu Breið á Akranesi.
- Eftir tveggja ára starfsemi hýsir Breiðin nú frumkvöðla m.a. á sviðum þararannsókna, ensímframleiðslu, rannsókna á kröbbum og þróunar á máltækni hugbúnaði. Þar er einnig að finna Fab Lab smiðju Vesturlands.
- Í húsnæði Breiðarinnar er auk þess samvinnurými fyrir allt að 50 manns. Þar má finna t.d. líftæknismiðju sem frumkvöðlar geta nýtt sér, skrifstofur KPMG, Menntamiðstöð, kvikmyndagerðarmenn, Motus, Lögheimtuna/Pacta, Greiðslumiðlun, forritara og lögfræðinga.
- Breiðin hýsir hluta af starfsemi Running Tide á Íslandi, en þetta bandaríska loftlagsfyrirtæki þróar og nýtir tækni og aðferðir sem örva náttúruleg ferli sjávarins í að grípa, binda og geyma kolefni til langs tíma. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Grundartanga.
- Í júní 2022 var tilkynnt um sigurvegara í opinni hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag á Breiðarsvæðinu, en tillagan „Lifandi samfélag við sjó“ frá arkitektastofunni Arkþing/Nordic og Eflu verkfræðistofu hlaut fyrstu verðlaun. Nú er hafinn undirbúningur skipulagsvinnu fyrir svæðið.





Atvinnu- og ferðamál: Þróunarfélagið á Grundartanga

- Samstarfsvettvangur til að vinna að öflugri atvinnusókn á Grundartanga
- Akraneskaupstaður með formennsku í stjórn þróunarfélagsins undanfarin ár
- Akraneskaupstaður setur ásamt Hvalfjarðarsveit 15 milljónir króna hvor aðili á ári til að styðja við tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.
- Hafin er vinna við uppbyggingu hitaveitu þar sem varmi frá Elkem er nýttur til rekstur hitaveitu til húshitunar og framleiðslu gufu fyrir Lífland. Verkefnið hlaut 30 milljón króna styrk frá orkusjóði.
- Í undirbúninig er uppbygging öflugrar rafhleðslurstöðvar til notkunar á stærri tæki og bíla á Grundartanga en til verkefnisins fékkst um 7 milljóna króna styrkur frá Orkusjóði.
- Lausn Carbfix verði nýtt til föngunar koltvísíringa til niðurdælingar eða eldsneytisframleiðslu.
- Framleiðsla lífræns hráefnis og eldsneytis



Atvinnu- og ferðamál: Grænir iðngarðar og 300akranes.is


- Vefsíðan www.300akranes.is inniheldur upplýsingar um atvinnu- og íbúðarlóðir á Akranesi, auk þess að kynna Akranes sem góðan stað til að heimsækja eða búa á.
- Efni frá markaðsherferðinni „Það er stutt...“ er að finna á vefsíðunni.
- Upplýsingar um atvinnulóðir í Grænum iðngarði í Flóahverfi má finna á vefsíðunni. Um er að ræða samfélag framleiðslu- og þjónustufyrirtækja sem leitast í sameiningu við að bæta umhverfis-, efnahags- og félagslegan árangur sinn.
- Unnið er að stofnun miðlægs þjónustufyrirtækis fyrir Græna iðngarða sem mun fara með stjórn á sameiginlegum rekstri á svæðinu í samstarfi við einkaaðila.
- Uppbygging er hafin á svæðinu og gatnagerð skv. áætlun.
- Sótt er um lóð í gegnum Þjónustugátt Akraneskaupstaðar (www.akranes.is eða www.300akranes.is).
- Nánar má lesa sér til um Græna iðngarða í stefnu Akraneskaupstaðar um Flóa, Græna iðngarða sem finna má á www.300akranes.is.





Atvinnu- og ferðamál: Önnur verkefni

- **Smiðjuvellir:** Viðræður við fjárfesti um uppbyggingu íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði við Smiðjuvelli.
- **Hótel, baðlón og íþróttamannvirki við Jaðarsbakka:** Ísold fasteignafélag, ásamt formönnum ÍA og KFÍA, hefur lýst yfir vilja til að hefja formlegt samstarf við Akraneskaupstað um uppbyggingu hótels, baðlóns og íþróttamannvirkja við Jaðarsbakka.
- **Höfðasel, Grjótkelduflói og Flói 2:** Í kjölfar áhuga fjárfesta er búið að taka prufuholur á svæðunum og hafa þær komið vel út m.t.t. uppbyggingar. Hafin er vinna við skipulagslýsingu fyrir Flóa 2.
- **Akraneshöfn:** Vinna við framkvæmdaleyfi í gangi vegna fyrirhugaðrar stækkun hafnar til að efla atvinnutækifæri.
- **Haustúsatorg:** Fyrirtækið N1 hefur hafið uppbyggingu á svæðinu en þar mun rísa þjónustu- og verslunarhúsnæði fyrirtækisins og starfsemin flytjast frá núverandi stað á Akranesi.
- Hafinn er undirbúningur næsta útboðs á **Sementsreit**.



Skóla- og frístundamál

- Innleiðing á nýrri menntastefnu – skilgreining forgangsmála og aðgerðaáætlun.
- Áframhaldandi innleiðing á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Áframhaldandi innleiðing á barnvænu sveitarfélagi
- Þátttaka í samráði um innleiðing laga um skólþjónustu
- Mótun íþróttalýðheilsustefnu í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Opnun nýs leikskóla - Garðasel.
- Áframhaldandi viðtækar viðhaldsframkvæmdir í kjölfar úttektar Verkís og leiðir til lausna við flóknar aðstæður.
- Jafnréttismál og efling virðingar fyrir þörfum og margbreytileika í samfélaginum og gildum þess.
- Endurskoðun á lestrarstefnu grunnskólanna.
- Stuðla að aukinni þátttöku og virkni í foreldrasamstarfi.
- Þróun á frístundastarfi barna- og ungmenna í samstarfi við hagaðila



Velferðar- og mannréttindamál

- Áframhaldandi innleiðing á Barnvænu sveitarfélagi með þátttöku allra hagaðila.
- Áframhaldandi innleiðing á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Innleiðing á nýrri skipan barnaverndarmála í takt við breytingar á barnaverndarlögum
- Barnaverndarnefnd í núverandi mynd lögð niður í lok árs 2022 og meginábyrgð daglegra verkefna barnaverndar verður falin barnaverndarþjónustu.
- Umdæmisráð barnaverndar taka til starfa og stefnt er að því að Akraneskaupstaður geri samning ásamt 50 öðrum sveitarfélögum um rekstur umdæmisráðs landsbyggða.
- Taka þarf afstöðu til þess hvort Akraneskaupstaður fari inn í verkefnið um samræmda móttöku flóttafólks og geri samning þess efnis við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
- Húsnæðismál – áframhaldandi vinna við uppbyggingu íbúða og samráðs við ólíka hagsmunaaðila
- Unnið verður að uppbyggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.
- Unnið verður áfram að þróun, uppbyggingu og hönnun á samfélagsmiðstöð í samráði við hagaðila.
- Áframhaldandi hönnun og uppbygging á húsnæði fyrir áhaldahús, flöskumóttöku og Búkollu.
- Unnið verður að stefnumörkun í öldrunarmálum.
- Endurskoðun á jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar






Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2023
- Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og skapast því ekki viðbótarkostnaður það árið, en myndast umfram tekjur sem nema 131 m.kr. það árið.
- Á árinu 2021 er viðbótarkostnaður vegna málaflokksins sem nemur 250 m.kr. eða 22 m.kr. meira en á árinu 2020.
- Vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins heldur áfram að vaxa og er áætlaður viðbótarframlag sem Akranes mun leggja til málaflokksins á árinu 2022 er 394 m.kr. og á árinu 2023 áætlaður 339 m.kr.
- Uppsafnaður viðbótarkostnaður Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 er 860 m.kr. og áætlað er að verði um 1.594 m.kr. árið 2023.


Rekstrarafkoma





Stjórnsýsla og fjármál


- Ársreikningur, fjárhagsáætlunarvinna, árshlutauppgjör og mánaðaryfirlit – þróað enn frekar
- Áframhaldandi aukin áhersla á greiningar og greinargóða upplýsingagjöf til forstöðumanna
- Sameiginleg innkaup fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar verða skoðuð sérstaklega
- Lántaka vegna fyrirhugaðra fjárfestinga
- Upptaka rafrænna matarmiða
- Vinna vegna innleiðingar WORKPOINT
- Áframhaldandi vinna tengd innleiðingu Vinnustundar viðveru- og réttindakerfi
- Jafnlaunavottun (viðhaldsúttekt) og möguleg upptaka á stjórnunarkerfi sem heldur utan um jafnlaunakerfið, innri úttektir o.fl.





Þjónusta og stafræn þróun

- Í apríl 2022 tók Akraneskaupstaður á móti umsóknum um fjárhagsaðstoð í gegnum nýtt stafrænt umsóknarferli á island.is. Þetta eru fyrstu skrefin í sameiginlegri stafrænni vegferð sveitarfélaganna í samvinnu við Stafrænt Ísland.
- Viðræður eru nú í gangi við Stafrænt Ísland um stafrænt pósthólf og umsóknarkerfi.
- Allar stofnanir Akraneskaupstaðar eru komnar í sama Microsoft umhverfið (á sama „tenant“) sem opnar á ýmsa möguleika og nánara samstarf milli stofnanna.
- Hafin er innleiðing á málakerfinu Workpoint. Verkefnahópur er að störfum. Kerfið verður innleitt í nokkrum áföngum, en byrjað verður í leik- og grunnskólum og hjá velferðar- og mennréttindasviði.
- Skoða á innleiðingu á betraakranes.is sem samráðsvettvangs við íbúa Akraness fyrir ýmis verkefni. Byggir á lausn Betra Ísland.
- Ákveðið hefur verið að taka þátt í samvinnuverkefni á vegum Stafrænna sveitarfélaga um spjallmenni fyrir heimasíður sveitafélaga. Spjallmennið Sæmi sem hefur verið á heimasíðu Akraneskaupstaðar hættir í september 2023.
- Búið er að afhenda í fyrsta sinn nemendum í 8.-10. bekk grunnskólanna fartölvur til að nota í námi sínu.





Menningar- og safnamál


- Greina þarfir safnanna, skilgreina framtíðarhlutverk þeirra og vinna að þróun samfélagslegs hlutverks þeirra.
- Þróa enn frekar hlutverk safna í skóla- og frístundum á Akranesi og stuðla að samstarfi og samnýtingu m.a. með það að leiðarljósi að efla fræðslu- og menntunarhlutverk safna
- Viðburðahald; Þrettándagleði, Vetrardagar, sjómannadagurinn, 17. júní, írskir dagar, Vökudagar, Jólatrésskemmtun ofl.
- Endurskoðun menningarstefnu





Mannauðsmál

- Innleiðing á rafrænu fræðsluefni og fræðslukerfi
- Útbúa rafrænt námskeið fyrir nýja starfsmenn Akraneskaupstaðar
- Uppfæra fyrirliggjandi verkferla og kynna þá starfsmönnum
- Skoða og innleiða stjórnunarkerfi sem heldur utan um jafnlaunakerfi Akraneskaupstaðar ásamt ferli innri úttektar
- Kanna möguleika á að tekið verði upp sérstakt mannauðskerfi
- Taka upp rafræna undirritun ráðningasamninga
- Gera áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað
- Markvissar greiningar veikindaforfalla og fyrirbyggjandi aðgerðir






BÆR Í UPPBYGGINGU

Í fjárfestinga og framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir 2.211 m.kr. í fjárfestingar árið 2023

Akranes







A - Hluti

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.

- Á árunum 2016-2021 var samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum samtals fjárhæð 4.060 m.kr.
- Útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir að heildar fjárfesting A-hluta verði 2.302 m.kr.
- Á spátímabilinu 2023-2026 er áætlað að samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verði samtals fjárhæð 6.332 m.kr.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 2016-2026





Fjárfesting 2023-2026

Fjárhæð í þús.kr.	2023	2024	2025	2026
Götur og gangstéttar samtals	774.280	482.920	532.420	905.323
<i>Gatnagerð nýframkvæmd</i>	588.280	266.920	316.420	759.323
<i>Endurgerð eldri gatna</i>	90.000	90.000	90.000	90.000
<i>Endurnýjun ljósastaura</i>	40.000	70.000	70.000	
<i>Gangstígar, stofnstígar, reiðvegir</i>	56.000	56.000	56.000	56.000
Velferðarmál samtals	224.585	436.022	1.368.172	786.500
Skóla og frístundamál samtals	1.491.224	1.591.853	180.000	236.452
Bruna og almannavarnir samtals	5.000	51.900	5.000	83.674
<i>Gatnagerðartekjur</i>	- 380.538	- 657.800	- 1.043.293	- 971.950
<i>Smærri fjárfestingar</i>	96.898	71.999	13.399	49.000
Samtals fjárfesting	2.211.449	1.976.894	1.055.698	1.088.999






Skipulags- og umhverfismál

Helstu framkvæmdir:


- Stærri viðhald gatna m.a. áframhald á Garðagrund, hluti Hafnarbrautar endurnýjaður o.fl.
- Nýframkvæmdir gatna Skógarhverfi 3A, klárað með bundnu slitlagi, byrjað á Skógarhverfi 3C, Innan Sementsreits í tengslum við uppbyggingu á áföngum C - D og haldið áfram í Flóahverfi.
- Sérstækar aðgerðir í umferðaröryggi.
- Endurgerð á grunnskólalóðum framhaldið.
- Uppbygging samfélagsmiðstöðvar Dalbraut 8.
- Uppbygging á áhaldahúsi, dósamóttöku Fjöliðju og Búkollu Kalmansvöllum 5.
- Leikskóli sex deilda á Asparskógum 25, klárast í byrjun árs 2023.
- Endurnýjun á C-álmu Grundaskóla hefst.
- Endurnýjun 1. hæðar Brekkubæjarskóla hefst.
- Framkvæmd við íþróttamannvirki á Jaðarsbökkum, íþróttahús og búningssklefar.
- Byrjað á grenndarstöðvum.





Skipulagsverkefni

- Langisandur, Sólmundarhöfði og nærumhverfi þ.m.t. Guðlaug.
- Jaðarsbakkar.
- Breyting eldri skipulaga m.a. við Ægisbraut og Vesturgötu.
- Norðurhluti Dalbrautareits, unnið að deiliskipulagi.
- Þétting byggðar, Hverfiskipulag.
- Þróunarsvæði, Breið, Miðbær og Smiðjuvellir.
- Kirkjubraut breytingar á skipulagi, vegna endurgerð gatna.
- Sementsreitur fylling, aukið íbúðamagn.
- Deiliskipulag Höfðasel og Grjótkelduflói athafna og iðnaðarlóðir.
- Grenndarkynningar.





Rekstrarverkefni

Rekstrarverkefni

- Útboð á sorpi.
- Endurnýjun gatnalýsingar, framkvæmdaplan.
- Brunavarnaráætlun og fyrirkomulag slökkviliðsmála.
- Grenndarstöðvar.
- Endurbætur á Gámastöð.
- Úthlutun lóða í Skógahverfi 3C og Sementsreit.

Annað

- Víðtæk viðhaldsverkefni stofnanna
- Uppkaupasjóður.
- Auglýsa upp byggingasvæði fyrir úthlutun.
- Hleðslustöðvar við stofnanir.
- Möguleg sala á húsnæði.



Jaðarsbakkar Íþróttahús


- Ítarlegri hönnun hófst árið 2020 og mun klárast árið 2021 ásamt því hefst uppbygging á 1. áfanga sem er tengibygging – nýtt íþróttahús með nýrri aðstöðu sem er verður á milli Akraneshallar og núverandi íþróttahúss.
- **Á árinu 2023 er gert ráð fyrir samtals 1.032 m.kr. að teknu tilliti til frádráttar vegna frjálstrar skráningar**
- **Heildarupphæð sem fjárfest verður í íþróttahúsi á Jaðarsbökkum frá 2023-2024 er um 1.709 m.kr.**



SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐ, ÁHALDAHÚS, BÚKOLLA, ENDURVINNSLA


Fjöliðjan – Frístundamiðstöð fyrir börn og ungmenni – Hver/Starfsendurhæfing á Dalbraut 8
Áhaldahús, endurvinnsla og búkolla
Kalmannsvöllum 5

- Starfshópar að störfum
- Hönnun, útboð í framhaldi af því og uppbygging hefst á árinu 2023
- Fjárfesting á árinu 2023 verður um 100 mkr. að teknu tilliti til tekna
- Heildarfjárfesting verður um 2.590 m.kr. að teknu tilliti til frjálsrar skráningar áhaldahúss



GRUNDASKÓLI

- Á árinu 2021 var unnið að hönnun til endurbætingar Grundaskóla sem haldið hefur áfram.
- Farið verður í framkvæmdir á nýju ári, fjárfest verður um 321 m.kr. á árið 2022.
- Heildarfjárfesting verður samtals um 1.018 m.kr.



BREKKUBÆJARSKÓLI

- Í upphafi árs 2022 var bruni á fyrstu hæð brekkubæjarskóla en fyrirhugað er að endurnýja hæðina
- Hönnun verður kláruð og boðin út á nýju ári.
- **Fjárfesting verður um 100 m.kr. á árið 2023.**
- **Heildarfjárfesting verður samtals um 640 m.kr.**



GATNAFRAMKVÆMDIR

- Nýframkvæmdir í gatnagerð og göngustígum m.a. á Sementsreit, Flóahverfi og Skógarhverfi o.s.frv. ásamt viðhald gatna í eldri hverfum, göngustígum og endurnýjun ljósastaura.
- Samtals um 778 m.kr. á árinu 2023 eða 418 m.kr. að teknu tilliti frádráttar vegna tekna (gatnagerðargjöld).
- Heildarfjárfesting er áætluð 2.711 til ársins 2026 og á að skila 289 m.kr. afgangi til innviðauppbyggingar vegna tekna af gatnagerðargjöldum.



Flóahverfið



Fyrirhuguð uppbygging og gatnagerð 2023-2026

Sementsreitur




Einbýli:	0
Par/raðhús	48
Fjölbýli	525

Skógarhverfið



Einbýli:	56
Par/raðhús	192
Fjölbýli	388



Fyrirhuguð uppbygging og gatnagerð 2023-2026

Dalbrautarreitir




Einbýli:	0
Par/raðhús	0
Fjölbýli	165

Smiðjuvellir



Einbýli:	0
Par/raðhús	0
Fjölbýli	270




Fyrirhuguð uppbygging og gatnagerð 2023-2026


Breið



Akrakot og land við golfvöllinn (blátt, rautt og gult svæði)




47% af fyrirhugaðri uppbyggingu sérþýla





SKÓLALÓÐIR OG AÐRAR STOFNANALÓÐIR

- Endurskipulag grunnskólalóða Akraneskaupstaðar og bætt útisvæði þeirra, **samtals um 38 m.kr.**
- Fjármagn í viðhald og framkvæmdir leikvalla, sérstök græn verkefni, umferðaröryggi, endurnýjun ljósastaura og stofnanalóðir, **samtals 86 m.kr.**



Brekkubæjarskóli



Grundaskóli





Sókn í uppbyggingu og áfram
ábyrg fjármálastjórnun





Takk fyrir



A scenic photograph of four sailboats on a calm body of water. The sky is filled with large, white, fluffy clouds, and the water reflects the boats and the sky. In the background, there are low mountains or hills. The text is overlaid on the lower half of the image.

Helstu tölur fjárhagsáætlunar
Ítarefni
Uppfærðar glærur úr fyrri
umræðu





Samstæðureikningur

Þróun rekstrartekna

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 9.917 m.kr. í útkomuspá 2022 og hækki um 5,2% frá árinu 2021.
- Rekstrartekjur á árinu 2023 eru áætlaðar 10.748 m.kr. og hækka því um 8,4 % frá árinu 2022.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 6 % á tímabilinu 2022 til 2026 og endi í 12.533 m.kr. á árinu 2026.

Þróun rekstrartekna






Samstæðureikningur

Þróun rekstrartekna

- Útsvar, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, nam 52% á árinu 2021.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að útsvar, sem hlutfall af rekstrartekjum, aukist á tímabilinu í samræmi við hækkun launa og fjölgun íbúa og muni nema 53,5 % á árinu 2026.
- Búist er við því að vægi framlaga Jöfnunarsjóðs lækki um 1% á spátímabilinu og endi í um 16,5 % á árinu 2026.
- Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar og lóðarleiga hækki um 0,3% milli árána 2022 og 2023. Gert er ráð fyrir því að hlutfall fasteignaskatta hækki á spátímabilinu 2024-2026 og endi í 8 % á árinu 2026.
- Aðrar tekjur, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, eru áætlaðar 23,4% í útkomuspá 2022 og verða að meðaltali 22,1% á spátímabilinu.







Samstæðureikningur

Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útkomuspá 2022 nema 9.970 m.kr. og hækka því um 692 m.kr. frá árinu 2021 eða um 7,5%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2023 munu nema 10.915 m.kr. en það er hækkun frá útkomuspá 2022 sem nemur um 945 m.kr. eða um 9,5%.
- Launagjöld eru áætluð að hækki um 526 m.kr. En annar rekstrarkostnaður hækkar um 385 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir því að lífeyrisskuldbinding lækki um 50 m.kr.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2023 nemur 402 m.kr. en það er 12% lækkun frá útkomuspá 2022 (50 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2023 til 2026 er á bilinu 3,9% til 9,5% en að meðaltali 5,6% á tímabilinu.

Þróun rekstrarkostnaðar







Samstæðureikningur

Rekstrargjöld

- Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir því að launagjöld verði áfram stærsti kostnaðarliðurinn og verði að meðaltali 65,3% á spátímabilinu.
- Launagjöld eru áætluð 65,2% í áætlun 2023 og eru að lækka um 0,8% stig frá útkomuspá 2022.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 385 m.kr. frá útkomuspá 2022 og hækkar um 1,2% stig í áætlun fyrir árið 2023.
- Lífeyrisskuldbindingin lækkar um 50 m.kr. milli ára þ.e. frá 2022 til 2023 og verður 3,7% af heildarrekstrarkostnaði á árinu 2023.
- Fjárhagsáætlun tímabilsins gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin verði 2,9% á árinu 2026.

Rekstrargjöld sem hlutfall af heildar rekstrarkostnaði





Samstæðureikningur





Akraneskaupstaður

Rekstrarniðurstaða

- Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 167 m.kr. á árinu 2023 og rekstrarafkoma er áætluð jákvæð um 142 m.kr.
- Gert er ráð fyrir því að heildarrekstrartekjur aukist um 1.784 m.kr. á spátímabilinu (2023-2026) en heildarrekstrargjöld munu aukast um 1.342 m.kr. á sama tímabili.
- Rekstrartekjur samtals munu því aukast um tæpar 442 m.kr. umfram rekstrargjöld á spátímabilinu.
- EBITDA framlegðin er áætlun 1,63% á árinu 2023.
- Gert er ráð fyrir því að EBITDA framlegðin verði á bilinu 1,63% til 5,06% á spátímabilinu og nemi 4,93% í árslok 2026.

Þróun rekstrarafkomu fyrir afskriftir og fjármagnsliði





Samstæðureikningur





Akraneskaupstaður

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2022, skv. útkomuspá, er jákvæð sem nemur 373 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2023 er áætluð jákvæð um 243 m.kr. eða 1,32% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því lækka um 231 m.kr. milli árana 2022 og 2023.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni hækka á árinu 2024, lækka aftur í áætlun 2025 og hækka aftur árið 2026.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2023-2026) er jákvæð sem nemur 891 m.kr.

Þróun rekstrarafkomu







Samstæðureikningur

Efnahagsreikningur

- Heildareignir samstæðu í árslok 2022, skv. útkomuspá, munu nema 17.490 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 8.083 m.kr. og eigið fé er áætlað 9.406 m.kr.
- Eiginfjárlutfall er áætlað 54% í árslok 2022 og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir því að eiginfjárlutfall muni lækka á spátímabilinu og muni enda í 46% í árslok 2026.
- Fjárhagsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir því að fastafjármunir munu aukast um 2.806 m.kr. á spátímabilinu en að handbært fé muni lækka um 93 m.kr.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir hækkingu skulda og munu skuldir við lánastofnanir hækka um 3.712 m.kr. á árinu 2024 frá árinu á undan og heildarskuldir og skuldbindingar hækka um 119 m.kr. fyrir sama tímabil.

Þróun efnahagsreiknings







Samstæðureikningur

Efnahagsreikningur

- Áætlað er að eigið fé og skuldir í árslok 2022 munu nema samtals 17.490 m.kr., þar af munu skuldir og skuldbindingar samtals nema 8.083 m.kr. og eigið fé 9.406 m.kr.
- Eignfjárlutfall í árslok 2022 mun því nema 54% en í árslok 2016 nam eignfjárlutfall 53% og hefur eignfjárlutfall því nánast staðið í stað frá þeim tíma.
- Á spátímabilinu mun eignfjárlutfall veikjast og mun nema 46% í árslok 2026.
- Skuldbindingar í árslok 2022 eru áætlaðar 4.054 m.kr. og hafa því hækkað um 17,9% frá árslokum 2016. Á sama tíma hafa langtímaskuldir lækkað um -85,4% og Eigið fé aukist um 41,9%.

Próun skulda- og skuldbindinga samanborið við Eigið fé







Samstæðureikningur

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2023 er áætlað 717 m.kr. og lækkar því um 184 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2023 eru áætlaðar 2.365 m.kr. og svipaðar fjárhæðir og í útkomuspá 2022.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins 2023 eru áætlaðar 1.565 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -224 m.kr., en brúarlán að fjárhæð 1.500 m.kr. eru áætluð að verði nýtt á árinu.
- Áætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2022 eða úr 1.353 m.kr. og verði 1.176 m.kr. í árslok 2026.

Þróun sjóðstreymis







Samstæðureikningur

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar síðustu þriggja ára, þ.e. samanlögð rekstrarafkoma á þriggja ára tímabili, verður að vera jákvæð skv. fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga og hefur sú verið raunin hjá Akraneskaupstað.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður ársins 2023 muni nema 1.156 m.kr.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur farið hækkandi síðustu ár og verður 49,8% í árslok 2023.
- Hámark skuldaviðmiðs sveitarfélaga er 150% en skv. fjárhagsáætlun verður skuldaviðmiðið komið í 61% í árslok 2026.

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga







Samstæðureikningur

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Próun rekstrarjafnaðar frá 2016 hefur tekið hækkað talsvert, frá því að vera jákvæður árið 2016 um 615 m.kr. yfir í það að vera jákvæður um 1.085 m.kr. árið 2022 skv. útkomuspá.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2016, þ.e.a.s. það hefur farið úr 62% niður í 20% og mun nema 60% í árslok 2026.







Samstæðureikningur

Lykiltölur

- EBITDA framlegð er áætluð 1,63% í árslok 2023 og á spátímanum er áætlað að EBITA framlegðin muni fara hækkandi og er áætlað að hún verði 4,93 % í árslok 2026.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 8,8% í árslok 2023 og mun að fara hækkandi og áætlað að það verði 9,8% í árslok 2026.
- Veltufjárhlutfallið er áætlað í árslok 2022 1,79 en það mun lækka á spátímabilinu og er áætlað að það verði 1,27 í árslok 2026. Samstæðan verður því áfram vel í stakk búin til að mæta nauðsynlegum greiðslum til næstu 12 mánaða á hverjum tímapunkti.


Lykiltölur







Samstæðureikningur

Framlegðarhlutfall



Veltufé frá rekstri







Samstæðureikningur

Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2016 þegar það nam 99% niður í 69,1% í ársreikningi 2021.
- Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið mun hækka aftur og standa í 94,6% í árslok 2026.
- Eiginfjárlutfallið hefur verið svipað undanfarin ár og stóð í 55% í lok árs 2016. Í útkomuspá fyrir árið 2022 er áætlað að það hækki í 81,5%.
- Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfallið fari örlítið lækkandi og standi í 46% í lok árs 2026.

Próun 2016-2026







Samstæðureikningur

Lykiltölur

- EBITDA framlegð náði ákveðnu hámarki á árunum 2017 og 2018 en útkomuspá ársins 2022 gerir ráð fyrir því að EBITDA framlegð verði komin niður í 2,1%.
- Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir 1,6% EBITDA framlegð. Á spátímabilinu er áætlað að EBITDA framlegð fari hækkandi og standi í 4,9 % á árinu 2026.

EBITDA framlegð







Samstæðureikningur

Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 0,87 skv. útkomuspá ársins 2022. Það er undir meðaltali veltufjár hlutfalli árána 2016 til 2021 sem nemur 2,035.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.

Þróun veltufjárhlutfalls







A- hluti

Þróun launakostnaðar

- Launagjöld hafa hækkað um 72,5% frá árunum 2016 til útkomuspár ársins 2022, en þau hækka úr 3.199 m.kr. í 5.519 m.kr.
- Lífeyrisskuldþinging lækkar um 27,5% á sama tíma, en hún lækkar úr 624 m.kr. í 452 m.kr.
- Hlutfall launa og lífeyrisskuldþinginga sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar á árinu 2017 niður í 62,2% en hækkar talsvert milli 2019 og ársins 2020. Skýringin á því eru nýir kjarasamningar sem koma inn á árinu 2020.
- Meðaltal hlutfalls launagjalda af rekstrartekjum á árunum 2016-2021 er 65,4% og á spátímabilinu er þetta hlutfall á árunum 2022-2026 örlítið hærra en meðaltal árunna á undan eða 66,5%.
- Á spátímabilinu 2023-2026 er gert ráð fyrir því að launagjöld hækki um 13,17% og launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum endi í 64,8% á árinu 2026.

Þróun launakostnaðar 2016-2026







A- hluti

Þróun launakostnaðar

- Launavísitala er meðaltal ár hvert en á árinu 2022 er notuð vísitala september mánaðar sem er sú nýjasta sem liggur fyrir.
- Launavísitala á tímabilinu hefur hækkað um 49,8% en á sama tímabili hafa launagjöld Akraneska upstaðar hækkað um 72,5%.
- Frá árinu 2016 og til áætlunar 2022 hefur stöðugildum fjölgað um 45 eða um 9,6%.

Þróun launakostnaðar 2016-2022







Aðalsjóður

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er jákvæð um samtals 23,6 m.kr. á tímabilinu 2011 til ársloka 2021.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 2.425 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 3.310 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2021 nemur 576 m.kr. og nemur 7% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2011-2021







Aðalsjóður

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er neikvæður um samtals 899 m.kr. á spátímabilinu 2023-2026.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 3.448 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 2.549 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2023 nemur 481 m.kr. og nemur 4,94% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.


Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2023-2026






STÓR VERKEFNI FRAMKVÆMD Á
UNDANFÖRNUM ÁRUM


Guðlaug – opnaði í desember 2018




Garðavellir frístundamiðstöð – opnaði 2019




Miklar endurbætur Brekkubæjarskóla 2019-2022




Fimleikahús og endurbætt þekja- opnaði 2021



Þjónustumiðstöð aldraðra – opnaði 2021



Reiðhöll opnaði 2022 - lokafrágangur





Nýr körfubíll afhentur 2022



Leikskóli nýr Garðasel– opnar að fullu í upphafi árs 2023

